um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá samkomulagi við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands um veiðar þýskra togara.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Við undirritaðir teljum að álitsgerðir vísindamanna um ástand fiskstofna við Ísland sé einhver alvarlegasta áminning til þjóðarinnar og ráðamanna hennar, sem fram hefur komið um langt skeið. Við teljum óhjákvæmilegt að brugðist verði við á þann hátt að allt verði gert, sem í okkar íslendinga valdi stendur, til að bægja frá dyrum þeim þjóðarvoða sem af hruni fiskstofnanna mundi óhjákvæmilega leiða. Það blasir við, að verði eins og nú er ástatt gerðir samningar við aðrar þjóðir um veiðar á umtalsverðum hluta þess aflamagns sem fiskifræðingar telja nokkurt vit í að veitt verði á Íslandsmiðum næstu árin, leiðir af því annað tveggja: geigvænlega ofveiði eða takmörkun á afla eigin skipa sem svaraði aflamagni útlendinga. Fyrri kosturinn hefði í för með sér efnahagslegt hrun, en hinn síðari rýrði enn stórlega afkomumöguleika íslenskra alþýðuheimila og byði heim hættunnni á atvinnuleysi. Þegar svo er komið, að nauðsynlegt er talið að fara að skammta veiðar íslendinga sjálfra á þorski og öðrum helstu nytjafiskum teljum við engin rök til þess að gera samninga við aðrar þjóðir um veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Við leggjum þess vegna eindregið til að tillagan verði felld.

Samtök frjálslyndra og vinstri manna eiga ekki kjörinn fulltrúa í utanríkismálanefnd, en Magnús T. Ólafsson, sem situr fundi nefndarinnar, lýsir sig algerlega samþykkan nefndaráliti okkar.

Alþingi, 27. nóv. 1975.

Gils Guðmundsson, frsm. Benedikt Gröndal.